

Umhverfisstefna fyrir hafnir Dalvíkurbyggðar

Tilgangur:

Tilgangur umhverfisstefnu fyrir hafnir Dalvíkurbyggðar er að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfsemi hafnanna.

Umfang:

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi hafna; þ.m.t. innkaupa, orkunotkunar, vinnuumhverfis og meðferðar efna.

Umhverfisstefnan tekur til allra þeirra sem starfa hjá höfnunum og við hafnirnar. Starfsmenn hafna bera ábyrgð á framkvæmd þessarar stefnu.

Markmið:

Markmið hafnanna með umhverfisstefnunni eru að:

- Fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Draga úr mengun í starfsemi hafna.
- Tryggja starfsmönnum heilbrigð og örugg starfsskilyrði.
- Miðlun upplýsinga og fræðsla.

Leiðir að markmiðum:

Leiðir hafna í Dalvíkurbyggð að ofangreindum markmiðum eru:

- Útnefning starfsmanns sem er tengiliður vegna umhverfismála.
- Að fylgjast með lögum og reglugerðum sem varða umhverfismál.
- Við innkaup er leitast við að velja vörur sem eru merktar viðurkenndum umhverfismerkjum og forðast vörur sem innihalda skaðleg efni.
- Við endurnýjun á bifreiðum eru valdar vistvænar útfærslur á bílum.
- Að stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu eins og hægt er.
- Eftirfylgni við orkusparnað og minnkun umhverfismengunar.
- Að veita starfsmönnum reglulega fræðslu um umhverfismál.

Ábyrgð:

Ábyrgð á framkvæmd umhverfisstefnu skiptist á eftirfarandi hátt:

- Hafnarstjórn ber ábyrgð á umhverfisstefnunni og endurskoðar hana árlega.
- Yfirhafnavörður ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar með því að minna á hana reglulega, aðstoða og hvetja aðra starfsmenn og þá sem starfa við hafnirnar til að framfylgja henni.
- Allir starfsmenn hafna bera ábyrgð á að fylgja þeim vinnuferlum sem tryggja eiga framkvæmd umhverfisstefnunnar.
- Allir starfsmenn hafna bera ábyrgð á að tilkynna frávik sem varða umhverfismál.

Endurskoðun:

Þessi stefna skal endurskoðuð árlega og oftár ef þörf krefur til að tryggja að hún samrýmist markmiðum með rekstri hafna.

Lýsing umhverfispáttá sem lagalegar kröfur eru gerðar til:

Raforka

Raforka og raforkunotkun skiptist í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða eigin raforkunotkun fyrirtækis og hins vegar sölu á rafmagni úr landi til skipa og báta.

Stefna HSD:

Að minnka eigin raforkunotkun og vinna að því að hlutfall þeirra skipa sem geta nýtt sér rafmagn úr landi aukist. Að þessu er unnið.

Heitt og kalt vatn

Heitt og kalt vatn skiptist í tvo hluta, eigin notkun og sölu til skipa og báta.

Stefna HSD:

Gæði neysluvatns sem selt er til skipa verði áfram gott. Það er nú vottað og er unnið eftir HACCP kerfi og handbók og reglugerð um neysluvatn. Samstarfssamningur er við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um vatnssýnatöku og rannsóknir sýnanna.

Notkun jarðefnaeldsneytis

Um er að ræða skipaolíu, dísil og bensín, fyrir ökutæki og báta. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla þess veldur losun mengandi efna í andrúmsloftið.

Stefna HSD:

Minnka notkun t.d. með vistvænni akstri og banna stöðvun bíla í lausagangi. Einnig að takmarka óþarfa umferð á vinnusvæði hafnarinnar.

Pappírnotkun

Á við um notkun skrifstofupappírs.

Stefna HSD:

Minnka pappírnotkun t.d. með því að minnka afhendingu á upplýsingum á pappír og nota fremur rafpóst. Að þessu er nú unnið.

Úrgangur og spilliefni

Nær yfir úrgang sem myndast í eigin starfsemi. Úrgangur er flokkaður í nokkra flokka: pappír, dagblöð og tímarit, pappa, plast, gler, málma, rafhlöður og almennan úrgang. spilliefni

Stefna HSD:

Flokkun er hafin á úrgangi frá vigtarskúr. Langtímamarkmið er að skip og bátar komi með flokkaðan úrgang að landi og að móttaka sé á flokkuðum úrgangi og er það verkefni í undirbúningi.

Mengun sjávar og sets. A. Mengun vatns. B. Mengun í seti. Mengun jarðvegs. Dýpkun hafna.

Stefna HSD:

Fylgst er með því hvaða starfsemi er í gangi við hafnirnar. Ekki er vitað til þess að mengandi efni hafi borist í hafnirnar og er þess gætt að svo fari ekki.

Landfyllingar

Opin svæði

Fok hefur verið úr ófrágengnu svæði.

Stefna HSD:

Unnið er að ráðstöfunum til að hemja fok úr opnu svæði betur en verið hefur m.a. með grófari ofaniburði. Unnið er að því að gámar og rusl nái ekki að safnast á opin svæði við höfnina og er m.a. verið að skoða gjaldtöku af geymslugámum á hafnarsvæðinu.

Mengunaróhöpp

Búnaður er til og samskipti tryggð við Slökkvilið og aðra aðila ef til mengunaróhapps kæmi.

Varasöm efni

Lítill notkun er á varasömum efnum.

Stefna HSD:

Áhersla er lögð á notkun umhverfisvænna efna. Í sambandi við efnanotkun er unnið eftir tékklista.

Frárennsli

Ein útrás fráveitu er á Dalvík þar sem stærsta höfnin í sveitarfélaginu er. Fleiri útrásir eru á minni stöðum en þó allar utan hafna. Frágangur fráveitu á Dalvík er viðurkenndur af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og uppfyllir ákvæði mengunarreglugerðar.

Stefna HSD (sveitarfélags):

Unnið er að úrbótum í fráveitumálum á minni stöðum (Árskógssandur og Hauganes).

Hávaði

Óhjákvæmilegt er að íbúar verði varir við hávaða frá höfnum í sveitarfélaginu þar sem þær eru svo að segja í hjartað og miðja í hverju þéttbýli.

Stefna HSD:

Meðvitund er um að draga úr óþarfa hávaða og að upplýsa íbúa ef um óvenjulegan hávaða er að ræða

Samgöngur

Hafnir sveitarfélagsins eru samgöngumiðstöðvar. Ferja til Grímseyjar á heimahöfn á Dalvík og ferja til Hríseyjar siglir frá Árskógssandi.

Mikil umferð stórra flutningabíla er um hafnarsvæðið á Dalvík þar sem fiskflutningar eru miklir að þeim fiskvinnsluhúsum sem þar eru og einnig frá fiskmarkaði og skipum og bátum sem landa á Dalvík. Af því getur bæði skapast slysa- og mengunarhætta sem fylgst er með.

Stefna HSD:

Mikilvægt er að taka tillit umferðar ferðamanna við vinnu að umhverfismálum hafnanna. Einnig að takmarka óþarfa umferð um vinnusvæði á hafnarsvæði á Dalvík.